

Starfsemi Þjóðræknisfélagsins á tímum COVID-19



Þrátt fyrir viðvarandi COVID-19 ástand hefur starfsemi félagsins ekki legið niðri. Að meðaltali hefur verið haldinn einn stjórnarfundur í mánuði á Zoom, en aðrir hefðbundnir viðburðir og verkefni fallið niður. Á stjórnarfundunum var fjölmargt til umræðu, þar á meðal International

Visits Program, Nína now, möguleg styrkjaveiting til skóla sem fræða nemendur sína um Vestur-Íslendinga og afkomendur þeirra og hvort endurskoða ætti nafn Þjóðræknisfélagsins því mis- skilnings um merkingu þess gætir hjá mörgum, ekki síst ungu fólki. Á fundi stjórnar sem haldinn var 26. janúar var Svavars Gestssonar minnst.

Í fundargerð skráði ritari m.a. eftirfarandi:
Með sanni má segja að minningin um Svavar, mælsku hans, velvild og alþýðleika, er ljóma slegin og hans verður sárt saknað.

Frá síðasta aðalfundi hafa tvö fréttabréf ÞFÍ komið út og von er á einu í ágúst. Fréttabréf félagsins má nálgast á vefnum okkar, <https://www.inl.is/> undir flípanum FRÉTTABRÉF.

Mörg og fjölbreytt verkefni hafa ratað inn á borð ÞFÍ. Kvikmyndaskóli Íslands leitaði til félagsins í þeim tilgangi að kynna fyrirhugaða alþjóðadeild við skólann og skoða mögulega tengingu við

afkomendur Íslendinga í Vesturheimi. Þjóðskjalasafnið sendi mynd af gömlum frímerkjum/límimiðum til að forvitnast um hvort Þjóðræknisfélag Íslendinga í Vesturheimi hefði staðið á bak við útgáfu þeirra. Einstaklingur velti fyrir sér hvað hann ætti að gera við myndaalbúm með gömlum myndum frá Vesturheimi, skemmtikraftur bað um aðstoð við að koma fram á viðburðum afkomenda Íslendinga í Vesturheimi og íslenskur meistaranemi í mannfræði við háskóla í Bandaríkjunum hafði samband vegna lokaverkefnis, svo fátt eitt sé nefnt. Öllum erindum var svarað og reynt að aðstoða viðkomandi eftir bestu getu.

Í Framhaldsskólanum á Laugum var kennt námskeið um Vestur-Íslendinga og afkomendur þeirra. ÞFÍ veitti kennara og nemendum styrk til að heimsækja Vesturfarasetrið á Hofsósi. Jafnframt hefur stjórnin ákveðið að veita fjórum skólum styrk á næsta skólaári til þess að vinna verkefni sem fjalla á einn eða annan hátt um Vestur-Íslendinga og afkomendur þeirra.

Þing Þjóðræknisfélagsins verður haldið sunnudaginn 22. ágúst kl. 14.00 á Hótel Natura með fjölbreyttri dagskrá þar sem saman fer skemmtun og fróðleikur. Dagskrá þingsins verður auglýst síðar og eru félagsmenn og gestir þeirra hvattir til að mæta.

*Hulda Karen Daníelsdóttir
Formaður Þjóðræknisfélags Íslendinga*

Snorri West reynslan mín

Nú eru að verða tvö ár síðan ég tók þátt í Snorra West-verkefninu. Tvö ár! Getur það verið? Mér finnst eins og ég sé nýkomin heim en á sama tíma líður mér eins og það séu ár og öld síðan. Ég kenni Covid um þetta brenglaða tímaskyn en það hefur líka margt gerst á þessum tveimur árum. Fyrir rúmu ári síðan gaf ég til dæmis út örsagnasafnið Árstíðir, sem inniheldur sögur á einföldu máli fyrir þá sem eru að læra íslensku sem annað mál, og núna var að koma út hljóðbókarútgáfa af sögunum. Tvær sögur í safninu tengjast Vestur-Íslendingum í Norður- Ameríku. Önnur þeirra „Vesturfara“ fjallar um Jónínu Björnsdóttur, langalangömmusystur mína, sem flutti vestur til Blaine í Washington árið 1903. Það er ótrúlegt en þökk sé Snorra West-verkefninu hitti ég son Jónínu,



Peter Hallson, þá 83 ára, í Blaine! Það var dásamlegt að hitta hann og styrkja með því fjölskylduböndin. Aðrir gestgjafar í WA og BC tóku mér einnig opnum örmum og það hefur verið dýrmætt að geta haldið sambandi við þau. Þá þótti mér einstaklega vænt um að fá sendar myndir yfir hafið af brosandí, fjarskyldum ættingjum með bókina mína Árstíðir sér í hönd. Meðfylgjandi er mynd af okkur Blair, frænku minni, í Vancouver.

Karítas Hrund Pálsdóttir

Í minningu Svavars Gestssonar

Svavar sat í stjórn Þjóðræknisfélagsins í fjölmörg ár og var jafnframt heiðursfélagi ÞFÍ og fyrsti formaður heiðursráðsins. Hann átti auk þess frumkvæði eða kom á einn eða annan hátt að fjölmörgum verkefnum sem tengjast markmiðum félagsins um að efla samstarf og tengsl við fólk af íslenskum ættum í Ameríku.



Svavar Gestsson var öflugur liðsmaður hvar sem hann beitti sér. Hann átti margt ógert enda vel á sig kominn og elli kerling ekki farin að leiða hugann að glímu við hann. Hans er sárt saknað af þeim sem nutu krafta hans.

Svavar hafði mikinn áhuga á sögu þeirra Íslendinga sem fluttu vestur um haf á árunum 1870-1914. Að auka samskipti Íslendinga við afkomendur þessa fólks í Vesturheimi var sameiginlegt hugsjónarmál okkar. Þau hjónin Svavar og Guðrún voru samtaka í að rækta þessi samskipti og áttu fjölmarga vini þar vestra sem mátu einlægni þeirra.

Við Svavar áttum ánægjulegt og árangursríkt samstarf í stjórn Þjóðræknisfélags Íslendinga (ÞFÍ) um sjö ára skeið og stóðum að fjölmörgum viðburðum á þeim árum. Sem fyrsti formaður heiðursráðs ÞFÍ beitti hann sér af krafti fyrir verkefnum í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi. Verkefnið felst í því að safna upplýsingum um handrit og önnur menningarverðmæti sem tengdust fyrstu kynslóð íslensku landnemanna þar vestra og skrá þær á stafrænt form. Fyrir allt þetta er nú þakkað af heilum hug.

Fyrir hönd heiðursráðs ÞFÍ sendi ég Guðrúnu eigin konu Svavars og börnum hans og afkomendum innilegar samúðarkveðjur.

Halldór Árnason

Svavar Gestsson var afkastamaður á mörgum sviðum og meðal þekktustu forystumanna þjóðarinnar í áratugi. Eftir hann liggja heilladrjúg framlög víða í samfélaginu.

Leiðir okkar lágu fyrst saman 1971 er hann kom í M.R. sem forystumaður í Alþýðubandalaginu til að kynna stefnu og markmið flokksins. Ég var þá kennari í sögu og var að þróa valgrein í þjóðfélagsfræði í M.R. með stuðningi rektors. Hver stjórn málaflökkur fékk 1 kennslustund til umræða. Eins og tíðarandinn var þá, sendu flokkarnir allir karlmenn. Einn mætti ekki í jakkafötum með bindi. Það var Svavar. Hann kom í lopapeysu í anda 68 kynslóðarinnar. Þessi eina kennslustund er bæði mér og mörgum fyrrverandi nemendum mínum enn minnstæð. Svavar talaði af eldmóði hins sannfærða unga manns og var mikið niðri fyrir. Það var mjög athyglisvert að sjá og heyra, hversu vel hann náði til nemenda; hann beinlínis hreif þá með sér, róttækur, glaðbeittur og sannfærður. Kennslustundin nægði ekki til þeirra skoðanaskipta sem svo áttu sér stað. Um áhrifaríkan ræðuflutning Svavars alla ævi þarf ekki fjölyrða.

Um sumarið 2000 vorum við hjónin í fylgdarliði forseta Íslands í vikulöngu opinberu ferðalagi um þvert og endilangt Kanada vegna landafundahátíða. Þá var Svavar orðinn fyrsti útsendi aðalræðismaður Íslands í Winnipeg og framkvæmdastjóri Landafundanefndar í Vesturheimi. Allir sem þar komu sáu hvílík þrekvirki Svavar og Landafundanefnd höfðu unnið; íslenskir viðburðir víðsvegar um þetta næst víðáttumesta ríki heims.

Snemma 2001 var mér falið að opna fyrsta sendiráð Íslands í Ottawa, höfuðborg Kanada og 12 árum síðar varð ég einn af eftirmönnum Svavars sem aðalræðismaður í Winnipeg. Við nánari kynni af mönnum og málefnum í Kanada sá ég enn betur hvílíkum Grettistöfum hafði verið lyft. Og ljóslega hafði ríkið fengið tvo fyrir einn, eins og við segjum í utanríkisþjónustunni, því Guðrún var nánasti samstarfsmaður Svavars. Um það allt og m.fl. ræddum við í Mávahliðinni.

Við Svavar sátum saman í stjórn Þjóðræknisfélags Íslendinga (ÞRFÍ) 2011-12 undir stjórn Halldórs Árnasonar. ÞRFÍ hefur að markmiði að efla tengslin milli Vestur Íslendinga og gamla landsins. Ekki er hægt að hugsa sér áhugasamari aðila en Svavar í þessu sameiginlega hugsjónamáli okkar. Hann mætti á ótal ÞRFÍ þing í Vesturheimi og hér heima, var forystumaður í nýjum verkefnum svo sem til fjáröflunar, tók t.d. að sér formennsku í Heiðursráði ÞRFÍ er það var stofnað, var alltaf boðinn og búinn til að vera ráðstefnu- og fundarstjóri hjá ÞRFÍ og svo endalaust margt annað. Mér hlotnaðist sá heiður að afhenda Svavari þakklætis- og heiðursskjal ÞRFÍ í ágúst 2018 er hann lét af formennsku í Heiðursráðinu. ÞRFÍ átti hann svo sannarlega að áfram.

Undanfarin ár höfum við Svavar, eftir að fara á eftirlaun, tekið þátt í mánaðarlegum hádegis-verðarfundum fyrirverandi sendiherra Íslands. Á hvern fund þjóðum við einum heiðursgesti og fjallað er óformlega um margvísleg málefni sem tengjast utanríkismálum og erlendum samskiptum almennt. Svavar var meðal þeirra félaga í þessum hópi sem mætti reglulega og lagði oft mjög skemmtilega og fróðlega vinkla til samræðnanna. Guðrúnu og fjölskyldu sendum við Anna einlægar samúðarkveðjur. Minningarnar lifa.

Hjálmar W. Hannesson

Síðast þegar ég hitti Svavar, var Mávahliðin böðuð í sólskinu og hann og Guðrún á hlaupum upp og niður tröppur með fangið fullt að hlaða bílinn. Þau voru á leiðinni í sumarbústaðinn. „Þú ert magician Svavar, galdrakarl, eins og ég sagði nýja formanni Þjóðræknisfélags Íslendinga í Bandaríkjunum á fjárfundi í gær“. Svavar hallaði sér upp að bílnum og undir flatt, eins og hann gerði svo oft, hló við og hváði. Ég útskýrði fyrir honum hvað ég ætti við. Að mín upplifun væri sú að hann hefði með reynslu og hæfileikum en auðvitað mestmegnis göldrum og töfrum látið fjölmarga drauma, hugmyndir og verkefni og ekki síst verkefni sem tengjast samskiptum við afkomendur Íslendinga í Vesturheimi verða að veruleika. Hann þakkaði hlæjandi fyrir og við kvöddumst.

Svavar hitti ég fyrst árið 1989 í Winnipeg í Kanada þegar ég tók við hann viðtal fyrir Lögberg-Heimskringlu. Hann var þá menntamálaráðherra og í fylgdarliði Vigdísar Finnbogadóttur sem var þar í opinberri heimsókn. Næst hitti ég hann með Guðrúnu, einnig í Winnipeg, þegar hann var þar aðalræðismaður. Reyndar má segja að tengsl mín við Svavar og Guðrúnu liggi í gegnum samfélög afkomenda Íslendinga í Vesturheimi. Það var hann sem fékk mig, eins og svo marga aðra, til þess að sitja í stjórn Þjóðræknisfélags Íslendinga, en sjálfur var hann í stjórn félagsins um árabíl og fyrsti formaður Heiðursráðsins. Á þinginu í ágúst 2018 var hann gerður að heiðursfélagi ÞRFÍ.

Svavar stýrði með glæsibrag fjölmörgum viðburðum félagsins og hann og Guðrún fluttu stórskemmtilegt erindi sem þau kölluðu Diplómatíska landnámið í Winnipeg og landa-fundaafmælið árið 2000 á einum af fræðslufundum félagsins. Hann kynnti einnig rithöfundinn Böðvar Guðmundsson til leiks þegar Böðvar flutti erindi sitt Híbyli vindanna & Lífsins tré Tilurð tveggja sagna fyrir fullum sal gesta á öðrum fræðslufundi. Á örskömmum tíma tókst Svavari að vitna í bækur Böðvars, hampa honum og hrósa en jafnframt koma á framfæri Þjóðræknisfélaginu, Heiðursráðinu, Snorraverkefnunum, verkefninu í fótspor Árna Magnússonar, mikilvægi Íslenskudeildarinnar við Manítóbaháskóla, Vínlandssetrinu og mörgu öðru. Hvílikir hæfileikar og spunasnilld, og allt þetta án þess að skyggja á aðalfyrirlesarann. Hjá Svavari var þetta ekki upptalning heldur stórkostleg flétta þar sem hann hélt mörgum boltum á lofti eins og töframönnum er tamt.

Við munum sakna Svavars Gestssonar.

Ég votta Guðrúnu og fjölskyldu Svavars dýpstu samúð mína.

Hulda Karen Daníelsdóttir

Þakklátt starf – jafnvel í kófinu! Miðju!

Það er þakklátt starf að vera ræðismaður Íslands í Vesturheimi, á slóðum Vestur-Íslendinga!

Ég kom hingað til Manitoba síðastliðið sumar og tengdi fljótlega við fólk sem er virkt og framarlega í félögum Vestur-Íslendinga. Hljójar móttökur og indælt fólk. Ég náði að hitta fólk og njóta góðra stunda, þar sem lagt var á ráðin. Þar til Covid tók völdin enn og aftur. Reglur voru hertar síðastliðið haust þegar smitum fór að fjölga og frá þeim tíma til dagsins í dag er í raun óheimilt að hitta fólk í margmenni og stofna til viðburða og funda.

Síðan þá hefur starfið farið fram á netinu! Teams og Zoom, tölvupóstar og sími eru nú „bestu vinir“ fólks í samskiptum!

Þetta er ekki beinlínis óskastaðan fyrir aðalræðis-mann, sem fyrst og síðast hefur það hlutverk, að kynna Vestur-Íslendingum, standa fyrir viðburðum, aðstoða við hátíðahöld fjölmargra samtaka og félaga vina okkar í Vesturheimi. Að vera með okkar fólki hér vestanhafs í nánd, heilsa, faðmast og njóta samveru – eru venjubundnir hlutir, sem því miður eru ekki á dagskrá eins og sakir standa! Tölvusamskipti eru ágæt og hafa skilað sínu hlutverki, þegar hefur komið að undirbúningi smærri og stærri viðburða sem áformuð hafa verið. En kófið, plágan, pestin hefur gripið allt hjartökum og því hafa áður eðlileg og sjálfsögð samskipti á mannamótum ennþá ekki getað átt sér stað.

En viljinn er svo sannarlega fyrir hendi og hin uppsafnaða þörf fólksins hér, afkomenda Vestur-Íslendinga, til að eiga góðar stundir saman og ekki síður með gestum frá gamla landinu, Íslandi, er orðin býsna mikil og knýjandi.

Hin stóru hátíðahöld sumarsins eru ennþá á teikniþorðinu. Enn vonum við að unnt verði að halda Íslendingadaginn í Gimli í byrjun ágúst með venjubundnum hætti. Ef til vill smærri í sniðum en verið hefur, en þó þannig að einhverju leyti, að fólk geti hist, heilsast og átt góðar stundir saman. Og ennþá vonumst við til að geta fengið góða gesti frá Íslandi til þátttöku. Sama gildir um hátíðahöldin í Mountain Norður-Dakóta. Þar standa ennþá vonir til þess að hægt sé að halda hátíð með fólki á staðnum! En það er erfitt að skipuleggja og taka ákvarðanir við þessar Covid kringumstæður. Of oft hefur bjartsýni orðið að víkja fyrir vonbrigðum, þegar plön ganga ekki eftir vegna kófsins.

Hátíðahöldin í tilefni af 17. júní verða þannig á netinu, aðalfundur INLNA – þjóðræknisfélagsins í Kanada um miðjan maí sömuleiðis og fleira mætti telja. Snorraverkefnið, gagnkvæmar heimsóknir ungmenna, hefur átt erfitt uppdráttar og orðið að fresta, en vonir standa til þess að Snorra plús heimsókn geti átt sér stað í september.



En sumt gengur smurt og snurðulaust. Lögberg-Heimskringla kemur út með reglubundnum hætti, íslenskudeildin í Manitobaháskóla er sömuleiðis starfrækt, þótt öll námskeiðin þar séu á netinu. Það hefur hins vegar orðið til þess að þátttaka nemenda í hinum ýmsu námskeiðum hefur aukist til muna. Fólk er í auknum mæli farið að átta sig á kostum fjarkennslu og möguleikum í þeim efnum. Þannig er á áætlun að í framtíðinni, þegar hlutir komast í samt lag, verði í auknum mæli boðið upp á fjarkennslu samhliða venjubundnu námi. Nýverið var ráðinn bókavörður við deildina. Þá er ættfræðivefurinn Icelandic Roots öflugri en nokkru sinni fyrr og vilji og áhugi Vestur-Íslendinga til að leita uppi forfeður sína og ættmenni fyrr á tíð hefur sjaldan verið meiri.

Um leið og léttir til og ferðalög og samskipti komast í samt lag verður svo sannarleg sett í gírinn hér vestanhafs. Í undirbúningi eru gagnkvæmar heimsóknir af ýmsu tagi, ráðamanna í báðum löndum, listafólks og hefðbundnar heimsóknir vina Vestur-Íslendinga hingað til Vesturheims og ferðalög íslenskra Kanadamanna heim til gamla landsins sömuleiðis. Þá eru á teikniþorðinu gagnkvæmar heimsóknir borgarstjóra Winnipeg og Reykjavíkurborgar, sem fagna 50 ára vinabæjar-samskiptum borganna síðsumars.

Ég lít þannig á að mitt verkefni sé að aðstoða Vestur-Íslendinga og styðja við verkefni þeirra, ekki aðeins hér í Manitoba, þar sem flestir þeirra búa, heldur einnig hvarvetna í Kanada, þar sem þeir hafa sett niður tjaldhæla sína. Sama gildir um Íslendingabyggðir handan landamæra – í Bandaríkjunum.

Ísland á svo sannarlega vini og velgjörðarmenn hér í Vesturheimi. Og á sama hátt eiga Vestur-Íslendingar trausta bakhjarla og góðvini heima á Íslandi.

Og allir eru í startholunum að tengja á nýjan leik þegar kófinu linnir!

Með kærum kveðjum frá Winnipeg.

Guðmundur Árni Stefánsson
Aðalræðismaður Íslands í Manitoba

INLUS webinars

Metnaðarfull starfsemi INLUS

Þjóðræknisfélag Íslendinga í Bandaríkjunum (INLUS) var stofnað árið 2019 sem systurfélag Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi og Þjóðræknisfélags Íslendinga á Íslandi. INLUS félagið er rekið á netinu, sem hefur gert okkur kleift að bjóða upp á dagskrá og námskeið á meðan heimsfaraldurinn hefur geisað. Tveimur byrjendanámskeiðum í íslensku er nú lokið og einu framhaldsnámskeiði.

Við opnuðum fyrir klukkutíma langt netspjall á Zoom til að berjast gegn „Covid-preyту“. Það er opið öllum og við höfum fengið gesti alla leið frá Englandi. Vefnámskeiðin okkar hafa líka notið mikilla vinsælda og við leggjum okkur fram um að kynna efni sem er bæði fróðlegt og skemmtilegt.

Á vefnámskeiðunum hefur verið boðið upp á fjölbreytt efni, má þar nefna ljósmyndun matar, íslenska Fiske bókasafnið við Cornell háskóla, stjórnun fiskveiða við norðurskautið, heimskautarétt, ferðalög á Íslandi, verkefnið í fótspor Árna Magnússonar og viðtal við Bergdís Ellertsdóttur sendiherra Íslands í Bandaríkjunum.

Við höfum líka verið með viðtöl við rithöfundana Heidi Herman, Gay Strandemo, Solveigu Eggerz, Amy Hendrickson, Eric Newman og Sverri Sigurdsson. Nancy Marie Brown mun kynna nýju bókina sína, *The Real Valkyrie: The Hidden History of Viking Warrior Women*, í byrjun september.

INLUS hlaut ríflegan styrk frá félagsmanni sem verður nýttur til að varðveita og skrá skjöl Þjóðræknisfélags Íslendinga í Bandaríkjunum. Við erum þakklát fyrir viðurkenninguna og munum með stolti leggja okkar af mörkum til að varðveita þennan hluta af arfleifð okkar.

Það er INLUS mikið ánægjuefni að vera í félagi við ÞFÍ og deila upplýsingum um kynningar og atburði.

Allar kynningar okkar eru aðgengilegar á www.INLUS.org/community/webinars.

Lista yfir höfunda og bækur þeirra má finna á Books and Authors – Icelandic National League (inlus.org).

Dianne O’Konski varð forseti Þjóðræknisfélags Íslendinga í Bandaríkjunum í janúar 2020. Hún ólst upp í Minneota, Minnesota og hefur verið virkur þátttakandi í samfélagi afkomenda Íslendinga í Vesturheimi frá árinu 2005. Hún er nú annar tveggja fulltrúa afkomenda íslenskra landnema í Vesturheimi í stjórn Þjóðræknisfélags Íslendinga.



Dianne O’Konski

Icelandic Roots

Ættingjar beggja vegna Atlantsála

Hefur þú áhuga á að finna ættingja þína í Norður-Ameríku? Við hjá Icelandic Roots bjóðum upp á ættfræðipjónustu og stóran gagnagrunn sem inniheldur upplýsingar um afkomendur Íslendinga í Vesturheimi.

Einnig bjóðum við upp á vefnámskeið, málstofur, netspjall, samfélagsmiðla og margt fleira. Til að mynda styrkti Icelandic Roots nýlega fyrirhugaða ferð Snorri West til Hofsóss í júní um 1000 Bandaríkjadali og Snorrasjóðinn um 2500 Bandaríkjadali.

Komdu og vertu með í Icelandic Roots gleðinni!

www.icelandicroots.com



Höldum ótrauð áfram

Því miður þurfti Snorrasjóður að aflýsa Snorra-verkefninu og Snorri Alumni Internship annað árið í röð vegna COVID-19. Engan grunaði að faraldurinn myndi hafa slík langtímaáhrif á verkefni okkar en raunveruleikinn er sá að enn er mikil óvissa uppi um næstu mánuði. Öryggi og heilsa þeirra sem koma að verkefnum Snorrasjóðs eru algjört forgangsatriði og ástæða þess að við tókum þessa erfiðu ákvörðun.

Snorrasjóður hlakkar til að bjóða upp á ógleymanleg ævintýri árið 2022. Það er okkar helsta markmið að saga vesturfaranna og tengsl við afkomendur Vestur-Íslendinga í Norður-Ameríku rofni ekki. Með það í huga er á döfinni að bjóða upp á fyrirlestra á netinu næstu mánuði fyrir áhugasama en það verður kynnt og auglýst síðar. Ég hvet alla til að fylgja okkur á samfélagsmiðlum @thesnorriprograms bæði á Instagram og Facebook.

Enn eru vonir bundnar við að Snorri Plús geti orðið að veruleika í ár og verið er að skoða alla möguleika í þeim efnum. Einnig er gaman að segja frá því að fyrirhuguð er helgarferð á Hofsós í júní með þátttakendum Snorri West sem ekki komust í sínar ferðir til Norður-Ameríku. Okkar dyggi bílstjóri og leiðsögumaður Kent Lárus Björnsson mun leiða



ferðina ásamt undirritaðri. Aðrir leiðsögumenn verða Jody Arman-Jones verkefnastjóri Snorri West og Mallory Swanson sem tók þátt í Snorraverkefninu árið 2011 og lærlingsverkefni okkar (Snorri Alumni Internship) árið 2016, en Mallory stundar nú nám við Háskóla Íslands. Við erum ævinlega þakklát fyrir áhugann og stuðninginn við verkefni Snorrasjóðs og höldum ótrauð áfram þrátt fyrir skrítna tíma undanfarið ár.

Pála Hallgrímsdóttir
Verkefnastjóri Snorraverkefnanna

Tíu ára stjórnarseta í ÞFÍ

Kæru vinir!

Ég sendi stjórn ÞFÍ innilegt þakklæti mitt fyrir þau tækifæri og stuðning sem ég hef notið síðustu tíu árin meðan ég var fulltrúi afkomenda Íslendinga í Bandaríkjunum í sjórn ÞFÍ. Þessi vegferð hófst árið 2010 þegar Almar Grímsson fór þess á leit við mig að ég talaði um Íslendingana í Norður-Dakóta á þjóðræknisþingi ÞFÍ. Í framhaldi af því var mér boðin seta í stjórninni og var ég fyrsti fulltrúi Bandaríkjanna til að gegna því embætti.

Margt stendur upp úr frá þessum tíu árum sem ég hef starfað með ÞFÍ og komið að ýmsum málum á Íslandi, í Kanada og Bandaríkjunum sem tengjast þeirri hugsjón okkar að halda lífi í íslenskri sögu okkar og styrkja böndin.

Mér er efst í huga dásamlegu vinatengslin. Þá hafa fjölmargir fyrirlestrar og ávörp sem ég hef flutt um málefni tengd Íslandi bæði á Íslandi og vestanhafs aukið mér þor sem fyrirlesara. Það hefur verið og er áskorun að tileinka sér íslensku. Ógleymanleg og dýrmæt var stundin þegar Guðni, forseti, veitti mér riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu í ágúst 2017 og í apríl 2018 veitti ÞFÍ mér þann heiður að skipa mig í heiðursráð félagsins.



Ég mun halda áfram að vinna Íslandi allt sem ég get og eins vel og ég get. Ég mun vinna með Icelandic Roots, ÞFÍ, INLNA, INLUS, Snorrasjóði, byggðum Íslendinga í Norður-Ameríku og öllu því sem íslenskt er. Samvinna er lykillinn að góðu gengi okkar.

Ég vonast til að koma heim til Íslands næstkomandi ágúst og verður það í 21. skipti sem ég kem til landsins. Ég mun halda áfram að leggja allt af mörkum sem ég get til að styrkja sambandið milli Íslendinga og Vestur-Íslendinga og vinna með ÞFÍ á allan þann hátt sem unnt er. Þakka ykkur enn og aftur.

Með bestu kveðjum,
Sunna Olafson Furstenu

Íslensk orð vestra



Íslensk tunga hefur lifað lengi vestan hafs þrátt fyrir að rúmlega hundrað ár séu liðin frá því að vesturfarir lögðust af að mestu. Hún er hins vegar deyjandi tungumál sem fyrst og fremst er talað af elstu kynslóðinni. En eru einhver íslensk orð eða hugtök sem virðast ætla að lifa af þótt tungumálið hverfi að öðru leyti?

Ég gerði stutta netkönnun þar sem ég bað Vestur-Íslendinga að skrá niður hvaða íslensk orð þeir nota og/eða þekkja. Alls tóku 103 þátt í könnuninni og sameiginlega nefndu þeir 83 orð eða orðasambönd. Ég hafði búið við að vinsælustu orðin yrðu *amma* og *afi* og kannski *smáorð* og *kveðjur* eins og *takk* og *bless*. En niðurstöðurnar urðu aðrar.

Orðið sem var oftast nefnt var orðið *elskan* (og *elskan mín*), þó aðeins nefnt 16 sinnum. Ég heyrði *elskan* nokkuð oft notað þegar ég bjó í Winnipeg og ég sé enskumælandi frænkur mínar nota orðið töluvert sín á milli á Facebook, en ég hafði samt ekki búið við að það yrði algengast. En kannski segir þetta okkur eitthvað um það hversu vænt Vestur-Íslendingum þykir um allt íslenskt!

Í öðru sæti var orðasambandið *góða nótt*. Einn tók sérstaklega fram að á sínu heimili væri heimilisfólki alltaf boðin góð nótt á íslensku. Sá siður hefur þó alls ekki verið algildur á síðari árum. Í þriðja sæti var svo *amma*, nefnd 13 sinnum, nokkuð oftast en *afi* sem nefndur var átta sinnum. Það er ekki alveg ljóst af hverju ömmurnar voru nefndar oftast en afarnir en þar sem konur lifa eitthvað lengur en karlar er mögulegt að fleiri hafi einfaldlega kynnst ömmum sínum.

Önnur orð sem röðuðu sér ofarlega voru *bless*, *takk*, *góðan dag*, og *já* og *nei*. En þegar listinn er skoðaður kennir ýmissa grasa. Þar má finna *komdu*, *sjáumst*, *góða mín* og *takk fyrir komuna* en einnig miður falleg orð eins og *andskotinn* og *drulla*. Nokkrir tóku reyndar fram að þeir kynnu ýmis blótsyrði þótt þeir vildu ekki nefna þau.

Það að vinsælasta orðið hafi þó ekki verið nefnt nema af 15% þeirra sem tóku þátt í könnuninni bendir mögulega til þess að ekkert íslenskt orð hafi náð að mynda sér sterka stöðu sem hluti af sjálfsmynd Vestur-Íslendinga. Ég hef þó trú á að þrátt fyrir allt verði það *amma* sem mun lifa lengst.

Kristín M. Jóhannsdóttir

Stjórn ÞFÍ

Formaður
Stjórnarmenn

Hulda Karen Daníelsdóttir
Erin Jones
Gísli Sigurðsson
Jón E. Gústafsson
Sigurður Rúnar Jónmundsson
Soffía Óskarsdóttir
Þorvarður Guðlaugsson

Varamenn í stjórn

Fulltrúar frá Vesturheimi

Kristín M. Jóhannsdóttir
Sandra Björg Ernudóttir
Þórður Bjarni Guðjónsson
Bev Arason-Gaudet
Dianne O'Konski